

**Nefndasvið Alþingis
Iðnaðarnefnd
b/t Ragnheiðar Bogadóttir
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík**

Reykjavík, 9. mars 2009.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um Þríhnjúkahelli (68. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreina tillögu sem felur í sér að Alþingi skori á menntamálaráðherra til að hefja vinnu við að gera Þríhnjúkahelli aðgengilegan fyrir ferðamenn.

Viðskiptaráð leggur til að tillagan nái fram að ganga enda mikilvægt að efla enn frekar íslenskan ferðamannaíðnað, sem er mikilvæg stoð samfélagsins og hagkerfisins í heild. Það félag sem um ræðir í greinargerð frumvarpsins endurspeglar enn fremur þann ómissandi kraft sem einkaframtakið hefur upp á að bjóða og þann kraft ber að efla.

Í ljósi núverandi ástands efnahagsmála, þar sem mörg mun brýnni verkefni bíða úrlausnar, leggur Viðskiptaráð til að verkefni þetta verði annað hvort sett í ferli hratt og örugglega eða það fært aftar í forgangsröð stjórnvalda. Hugur ráðamanna þarf að vera á endurreisn hagkerfisins.

Virðingarfyllt,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs